

- 12** Dvelji leiðsögumaður á skipinu samkvæmt beiðni skipstjóra eða verði
12. jan. hann veðurtepptur á því meðan skipið er á Hvammsfirði, fær hann 20 kr. dagpeninga.

II. KAFLI

Vetrargjaldskrá (á tímabilinu 1. október — 31. marz).

7. gr.

Gjöldin samkvæmt 2., 3., 5. og 6. gr. hækka um einn þriðjung, en samkvæmt 4. gr. haldast þau óbreytt.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

13
16. jan.

REGLUGERÐ

um útflutning á fiski til Bretlands.

1. gr.

Engan nýjan eða frystan fisk (þar með talin sild) eða óverkaðan saltfisk, má flytja til Bretlands án leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Hverri leyfisbeiðni skal fylgja skýrsla um þessi atriði:

1. Með hvaða skipi fiskurinn er sendur.
2. Fiskmagnið ef unnt er.
3. Til hvaða hafnar og firma í Bretlandi fiskurinn er sendur.

3. gr.

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda Fiskifélagi Íslands afrit af sölureikningi með tilgreindu magni hverrar fisktegundar og verði. Í reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur hefir verið brezka fiskimálaráðuneytinu.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína í Bretlandi síma Fiskifélaginu magn fiskjarins í enskum vættum (cwts), þegar salan hefir

farið fram, ef fiskmagnið hefir ekki verið tilgreint nákvæmlega eftir fyrir-
mælum 2. gr. **13**

16. jan.

Nú er fiskur seldur í erlend skip, sem kaupa fyrir eigin reikning, og skulu þá bæði seljendur og umboðsmenn hins erlenda skips, gefa skýrslu um fiskmagn og verð sundurliðað á þann hátt, sem Fiskifélagið fyrirskipar.

4. gr.

Ef útflytjendur hafa ekki afhent Fiskifélaginu afrit af sölureikningi samkvæmt 3. gr., innan mánaðar frá því að salan fór fram, geta þeir ekki vænt þess að ráðuneytið veiti þeim söluleyfi að nýju, fyr en afrit reikningsins hefir verið afhent.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUR

um störf lýsismatsmanna.

14

19. jan.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 42, 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um störf lýsismatsmanna.

1. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

2. gr.

Lýsismatsmenn skulu kosta kapps um að verða sem færastir í því að dæma um verkun og gæði meðalalýsis. Ber þeim að vanda matið svo sem mest má verða, svo að islenskt meðalalýsi geti orðið í sem beztu áliti á erlendum markaði.